

## **Fundur nr. 115 í skólanefnd ME þriðjudaginn 17. september n.k. kl. 17:00 í fundarherbergi skólans.**

Mættir: Anna Björg Guðjónsdóttir og Skúli Björn Gunnarson auk varamannanna Steinunnar Ásmundsdóttur, Láru Vilbergsdóttur og Halldórs Warén. Auk þess sátu fundinn Helgi Ómar Bragason skólameistari, Anna Alexandersdóttir fulltrúi foreldra, Jóney Jónsdóttir fulltrúi kennara og Árni Ólason. Almar Sigurjónsson fulltrúi nemenda kom á fund kl 17:20.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár kl 17:09.

### **1. Staðfesting fundargerðar 114. fundar**

Fundargerð síðasta fundar hafði áður verið samþykkt í tölvupósti en var nú undirrituð af þeim fundarmönnum sem viðstaddir voru síðasta fund skólanefndar.

### **2. Starfsmannamál – staða ráðningarmála**

Skólameistari lýsti gangi mála í starfsmannamálum frá síðasta fundi. Leitað var að jarðfræðingi til kennslustarfa lengi sumars. Sveinborg H. Gunnarsdóttir var ráðin í lok júlí en hún er með MS-próf í jarðfræði og kennsluréttindi. Hún verður þó bara á seinni spönn þannig að skólameistari situr enn uppi með eðlisfræðikennsluna. Sveinborg mun einnig kenna útivistaráfanga á seinni spönn.

Steinrún Ótta Stefánsdóttir og Elísabet Agla Stefánsdóttir voru ráðnar sem stundakennarar í stað Láru Vilbergsdóttur sem er í leyfi. Ásdís Sigurjónsdóttir iðjuþjálfari kom inn í 50% starf, m.a. við starfsbraut. Ræstingarmálin voru leyst við upphaf skólaárs. Samið áfram við ISS um þrif á kennsluhúsi og Erla Sigrún Einarsdóttir var ráðin í 50% starf ræstitækis í vistarhúsi.

Starfsmannamál eru í þokkalegu ástandi í dag en voru seint kláruð, m.a. vegna vöntunar á jarðfræðikennara sem hafði nokkur ruðningsáhrif á ráðningu í aðrar kennarastöður fram á haustið.

### **3. Aðgerðaáætlun í starfsmannamálum**

Formaður og skólameistari kynntu aðgerðaáætlun sem unnin var síðsumars í því skyni að bæta starfsanda kennara og efla þá í starfi. Hún inniber eftirfarandi þætti:

1. Starfsþróunarviðtöl sem eru að hefjast á næstu vikum
2. Fundartími til samstarfs hefur verið tekinn frá í tengslum við kennarafundi á mánudögum.
3. Geðræktarhópur hefur farið af stað, síðasti fundur í gær þar sem teknir voru upp punktar frá nemendum varðandi það að bæta skólabraginn og auka vinnugleði.
4. Unnið er að því að finna skemmtilega fyrirlesara til að auðga andann og sá listi skýrist vonandi fljótlega.
5. Brýnt er að blása nýju lífi í starfsmannafélagið. Það stendur uppá síðustu stjórn að boða til aðalfundar og endurvekja starfsemina.
6. Ráðgjöf vegna kennsluvefs er nú vikulega frá hendi Báru Mjallar fjarnámsstjóra .
7. Unnið er að því að fá vinnustaðasálfræðing í stofnunina til að taka út vinnuandann og efla hann á allan hátt. Mjög mikilvægt að viðkomandi taki púlsinn á starfsfólki og fái þannig grundvöll til að leggja á ráðin með breytingar til batnaðar. Samþykkt að fara í þessa vinnu með þeim kostnaði sem því fylgir og skólameistara falið að halda áfram viðræðum við þann aðila sem rætt hefur verið við.
8. Kynningarmál skólans eru í ekki í föstum farvegi en úr því verður vonandi bætt. Mikilvægt að efla þessa vinnu bæði innávið og útávið.

Fundarmenn lýstu ánægju sína með þessa aðgerðaáætlun og óskuðu starfsfólki velfarnaðar með að þá vinnu sem er að fara í gang.

#### 4. Fundaplan skólaársins og verklagsreglur vegna funda.

Formaður skólanefndar kynnti drög að fundaplani skólanefndar ME og lagði til annan þriðjudag í mánuði fyrir þá fundi sem liggja fyrir. Fundarmenn lýstu ánægju með að festa þessa daga á fundadagatal. Formaður talaði um verkaskiptingu milli aðalmanna í tengslum við gerð verklagsreglna en tók að sér að leiða það starf. Reiknað með að drög liggi fyrir á nóvemberfundum.

#### 5. Markmið í viðauka skólasamnings og starfsáætlun næsta skólaárs.

Skólameistari lýsti vinnulagi við gerð skólasamnings fyrir ME árið 2013 – 2014. Hann fór síðan yfir markmiðalista í viðauka við skólasamninginn.

Listinn eru í 5 liðum og hver liður með marga undirliði. Yfirmarkmið varða:

1. Nemendur
2. Nám
3. Kennslu
4. Stjórnun og skipulag
5. Fjármál, rekstur og aðbúnað

Nokkur umræða spannst í tengslum við yfirferð skólameistara gegnum markmiðalistann og ýmis mál voru skýrð. Skólameistari taldi eðlilegt að í kjölfar markmiðalista kæmi starfsáætlun sem markaði skólastarf ársins. Hann kynnti síðan í stuttu máli innihald starfsáætlunar þessa skólaárs.

#### 6. Staða mála

**Skólanámskrá:** Beðið er athugasemda ráðuneytis menntamála við brautalýsingu náttúrufræðibrautar sem send var ráðuneytinu til staðfestingar í júní s.l. Að fengnum þeim athugasemdum verða brautalýsingar alþjóða-, félagsgreina- og listabrautar senda m.m. til staðfestingar. Áætlað er að vinnu við skólanámskrá ME verði lokið á vorönn 2014, bæði almennum hluta og brautalýsingum.

Á haustönn 2013 er hins vegar mjög brýnt að klára brautalýsingu framhaldsskóla- og starfsbrauta. Í því sambandi er mikilvægt að teikna upp nýja áfanga sem taka mið að þörfum starfs- og framhaldsskólabrautar og eru ekki eins bóknámsmiðaðir og þeir áfangar sem fyrir eru.

**Geðræktarár** í Heilsueflandi framhaldsskóla. Vinna þar að lútandi hefur farið af stað og kemur inn í aðgerðaáætlun.

**Rekstrarleg staða skólans.** Skólameistari kynnti rekstrarstöðu skólans í lok júlí. Staðan er mjög ásættanleg miðað við framhaldsskóla almennt og er til sóma að mati skólanefndar.

#### 7. Önnur mál

1. Formaður kynnti bréf frá skólanefndarformanni MA þar sem farið var fram á sameiginlegt átak í að þrýsta á ríkisvaldið að leiðrétta launastiku kennara í reiknilíkani ráðuneytis. Skólanefnd samþykkir að fara í samstarf við aðra skóla um þetta mikilvæga mál sem varðar m.a. leiðréttingu launakostnaðar.
2. Skólanefnd æskir eftir stuttri kynningu á næsta fundi um vel heppnaða kynnisferð kennara til Vesturheims í júní síðastliðnum og á þeim hugmyndum sem kviknuðu þar.
3. Formaður kynnti frekari hugmyndir varðandi áframhald á framhaldsskólasamstarfi við Vopnfirðinga.
4. Formaður sagði að enn hefði ekki unnist tími til að endurskoða sjóðina tvo sem teknir voru til umræðu á síðasta nefndarfundum en það þyrfti að gerast á næstu mánuðum. Halldór Warén kynnti spennandi hugmyndir um að nýta fjármagn þeirra í að breyta

fyrirlestrarsal skólans í alvöru bíósal. Þarna er kostnaður upp á margar milljónir en það má reyndar sækja um styrki til ýmissa aðila í slíkt framtak. Það er ljóst að slíkur bíósalur yrði mikill akkur fyrir jafnt skólann sem sveitarfélagið.

5. Skólanefnd reifaði hugmyndir um að breyta busavígslu nemenda ME á jákvæðan hátt og til að stuðla að enn jákvæðari skólabrag og gera nýnemum hátt undir höfði í byrjun skólagöngu sinnar í ME.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 19:15

Fundargerð ritaði Árni Óla